

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups Íslands, um að bærinn Grænavatn skuli framvegis teljast til Skútustaðasóknar.

Með skírskotun til bréfs yðar til ráðuneytisins, háæruverðugi herra, dags. 13. janúar 1964, varðandi beiðni þess efnis, að bærinn Grænavatn í Suður-Pingeyjarprófastsdæmis, sem hingað til hefur verið í Reykjahlíðarsókn, skuli framvegis teljast til Skútustaðasóknar, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggja samþykktir safnaðarfunda í báðum sóknunum á breytingunni, svo og samþykki héraðsfundar, samþykkir það framangreinda ráðstöfun með tilvísun til tillagna yðar og 8. gr. laga nr. 31 1952, um skipan prestakalla, þannig, að bærinn Grænavatn skuli framvegis teljast til Skútustaðasóknar.

Nr. 24.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld fyrir Styrktarsjóð W. Fischers árið 1962.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun:		
a. Innritunarskírteini, dags. 28. maí, 1889 Litra A,		
Fól. 373 d.kr. 20000.00	kr. 20000.00	
b. Sérskuldabréf Siglufjarðar 4% 1943, 1000.00 kr.		
Litra B — 308	— 1000.00	
c. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712	— 38335.29	
d. Búnaðarbankainnstæða nr. 123	— 33139.10	
		kr. 92474.39
2. Vextir:		
Af innritunarskírteini	kr. 4367.23	
— Sérskuldabréfi Siglufjarðar	— 40.00	
— Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 3066.82	
— Búnaðarbankainnstæðu	— 2270.98	
		9745.03
		Kr. 102219.42

Gjöld:

Styrkir til ekkna	kr. 8100.00	
Kostnaður	— 368.50	
		kr. 8468.50
Sjóður til næsta árs:		
a. Innritunarskírteini	kr. 20000.00	
b. Sérskuldabréf Siglufjarðar	— 1000.00	
c. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712	— 38641.99	
d. Búnaðarbankainnstæða nr. 123	— 34108.93	
		93750.92
		Kr. 102219.42

Í félagsmálaráðuneytinu, 10. september 1963.

Hjálmar Vilhjálmsson.